

Fundargerð 26. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 21. júní 2016 kl. 15.00

Dagskrá:

1. Árleg greinargerð stýrihópsins
2. Byggðaaætlun 2017-2023 - sviðsmyndir
3. Sérstakt hæfi við styrkveitingar úr uppbyggingarsjóðum
4. Úttektir og greiningar
5. Önnur mál
 - a. Ferðakostnaður áheyrnafulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga
 - b. Áhersluverkefni Suðurnesja og áhersluverkefni höfuðborgarsvæðisins
 - c. Næsti fundur

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsson (sambandinu), Steinunn Halldórsdóttir (FOR), Þór G. Þórarinnsson (VEL), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Björn Helgi Barkarson (UAR), Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir (UTN), Sigurður Guðmundsson (FJR) og Stefanía Traustadóttir (IRR).

Fundargerð 25. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Formaður bauð Steinunni Halldórsdóttur velkomna í stýrihópinn, en hún tekur sæti Héðins Unnsteinsonar sem fulltrúi forsætisráðuneytis. Formaður þakkaði einnig Elvari Knút Valssyni fyrir störf sín í stýrihópnum, en hann er á leið til starfa hjá Norrænu ráðherranefndinni.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Árleg greinargerð stýrihópsins

Formaður og verkefnisstjóri dreifðu drögum að árlegri greinargerð stýrihópsins til ráðherra og gerðu grein fyrir gangi vinnunnar. Umræður. Sérstaklega var rætt um atvinnugreinaflokkun varðandi verkefni uppbyggingarsjóða og hvort að ójafnvægi ríkti á milli menningarverkefna og atvinnuþróunarverkefna. Ákveðið var að skoða það nánar og gera grein fyrir því í greinargerðinni. Minnt var á að fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaga hefðu tekið að sér að gera tillögu að nýrri atvinnugreinaflokkun.

2. Byggðaaætlun 2017-2023 - sviðsmyndir

Formaður upplýsti að ákveðið hefur verið að ganga til samninga við Framtíðarsetur Íslands ehf. um gerð sviðsmynda í tengslum við mótun nýrrar byggðaaætlunar fyrir árin 2017-2023. Notagildi sviðsmynda við mótun nýrrar byggðaaætlunar felst meðal annars í því að dregnir eru fram þeir drifkraftar sem munu hafa mest áhrif á þróun byggðar í landinu og hvernig þeir geta þróast með ólíkum hætti. Sviðsmyndirnar nýtast einnig landshlutunum við framkvæmd og endurskoðun sóknaráætlana.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju með fyrirhugaða vinnu.

3. Sérstakt hæfi við styrkveitingar úr uppbyggingarsjóðum

Á 24. fundi stýrihópsins var fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga falið að skoða, með lögfræðingum sambandsins, mögulegt vanhæfi fulltrúa í úthlutunarnefndum uppbyggingarsjóða með hliðsjón af stjórnarsýslulögum. Fyrir liggur minnisblað sambandsins varðandi sérstakt hæfi við styrkveitingar úr uppbyggingarsjóðum, dags. 7. júní 2016, og var því dreift á fundinum. Efni minnisblaðsins var kynnt á fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga þann 11. júní sl.

Fundarmenn þökkðu fyrir vinnu sambandsins.

4. Úttektir og greiningar

Árlega eru til ráðstöfunar fjórar milljónir til úttekta og greininga sem nýtast eiga sóknaráætlunum almennt til að meta stöðuna og vinna að framþróun. Formaður óskaði eftir hugmyndum frá fulltrúum stýrihópsins að fyrirkomulag vinnunnar. Stutt umræða tekin um málið og ákveðið að halda henni áfram á næsta fundi. Ein hugmynd er að gera í úttekt á einum sóknaráætlunarsamningi og draga lærdóm af þeirri vinnu sem yfirfæra má á aðra landshluta. Málið verður rætt á næsta samráðsfundi með landshlutasamtökum sveitarfélaga.

5. Önnur mál

a) *Ferðakostnaður áheyrnafulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga*

Fulltrúi sambandsins greindi frá því að á vorkundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga hefði komið fram að símafundur hefðu ekki reynst nógu vel fyrir áheyrnafulltrúa landshlutasamtaka, þar sem heyrðist illa hvað færi fram á fundum stýrihópsins. Ákjósanlegt væri að greiddur yrði ferðakostnaður fyrir fulltrúann til fundarsóknar. Einnig kom fram það álit að bæta þyrfti verulega fjarfundabúnað ráðuneyta svo landsbyggðarfolk hefði tök á að nýta sér hann til fundarþátttöku og losna þannig við mikil ferðalög í tengslum við fundi sem haldnir væru á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykkt var að leggja til við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að það auðveldi fundarsókn áheyrnafulltrúa landshlutasamtakanna á fund stýrihópsins og greiði ferðakostnað. Sömu reglur gildi og um starfsmenn ráðuneytisins, það er að ekki eru greiddir dagpeningar innanlands, en útlagður kostnaður við flug verði endurgreiddur. Samráð þarf að hafa við ráðuneytið um framtíðarfyrirkomulag slíkrar endurgreiðslu.

b) *Áhersluverkefni Suðurnesja og áhersluverkefni höfuðborgarsvæðisins*

Áhersluverkefni Suðurnesja og áhersluverkefni höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2016 bárust stýrihópnum 20. júní sl. Verkefni Suðurnesja eru sjö, að upphæð samtals kr. 34.918.200. Verkefni höfuðborgarsvæðisins eru tvö, að upphæð samtals kr. 22.000.000.

Þar sem gögnin bárust stýrihópnum innan við sólarhring fyrir fund höfðu fundarmenn ekki haft tækifæri til að kynna sér þau nægilega vel og ekki gafst tími til þess á fundinum, var ákveðið að gefa fulltrúum stýrihópsins frest til loka vikunnar til að gera athugasemdir, ef einhverjar eru. Berist engar athugasemdir, teljast áhersluverkefni fyrir Suðurnes og höfuðborgarsvæðið staðfest af hálfu stýrihópsins.

Nokkur umræða varð á fundinum um hvort stýrihópurinn ætti að taka áhersluverkefni höfuðborgarsvæðisins til umfjöllunar, þar sem samráðsvettvangur hefur ekki komið saman og því byggja verkefni ekki á áherslum hans. Niðurstaðan var að taka verkefni til afgreiðslu, í trausti þess að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skipi samráðsvettvang, samkvæmt 4. gr. samnings um sóknaráætlun

höfuðborgarsvæðisins, og að hann komi saman eigi síðar en í september 2016. Þá skiptir það máli að áhersluverkefni byggja á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, sem fól í sér mikið og almennt samráð. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra var samþykkt á stjórnarfundum SSH þann 20. júní sl. að kalla samráðsvettvanginn saman í september nk. og mun hann koma að mótun og forgangsröðun áhersluverkefna fyrir árin 2017-2019.

c) Næsti fundur stýrihóps

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn miðvikudaginn 10. ágúst 2016 kl. 10.00-12.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.30.